

HAFNARFJÖRÐUR

Suðurhöfn

Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsbreytinga



Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur

Byggðasafn Hafnarfjarðar 2020

Fornleifaskráning 2148

Efnisyfirlit

Suðurhöfn, Hafnarfirði	2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.	2
Sögulegt yfirlit	3
Niðurstöður	4
Kort af deiliskipulagssvæðinu	4
Heimildaskrá.....	5

Suðurhöfn, Hafnarfirði

Fornleifaskráning Suðrhafnar, Hafnarfirði var unnin í júní 2020. Fornleifaskráningin var gerð að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar vegna aðalskipulagsbreytinga á Hafnarsvæðinu.

Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð fyrir svæðið áður. Heiðrún Eva Konráðsdóttir hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar gekk svæðið í júní 2020. Engar minjar fundust á svæðinu. Um samantekt skýrslu sá Heiðrún Eva Konráðsdóttir. Fornleifaskráning Suðrhafnar fékk númerið 2148 hjá Minjastofnun Íslands.

Svæðið sem hér um ræðir er nánast allt á landuppfyllingu og eru því engar fornleifar þar að finna. Aðeins lítill hluti svæðisins er utan uppfyllingarinnar og þar hefur mikil röskun átt sér stað í gegnum tíðina. Engar minjar komu í ljós við vettvangsathugun. Kort af svæðinu kemur frá Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðarbæjar.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra. Samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar fornleifar á framkvæmdasvæðinu sem og annarsstaðar, þ.e. þær minjar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Ennfremur segir í lögnum:


Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.¹

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsóknanna gjarnan eftir aldri fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

¹ Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

Svæðið sem fornleifaskráningin nær yfir er að mestu á uppfyllingu og því mjög ungt, að undanskildu Óseyrar og Flensborgarsvæðinu. Svæðið tilheyrir fornu jörðunum Ófriðarstöðum og Óseyri. Hafnarfjörður var frá upphafi þekktur vegna góðrar hafnar og var höfnin á þeim stað sem



Á kortinu frá 1909 sést vel hvernig svæðið leit út áður en landfylling hófst.

3

Niðurstöður

Að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar var farið í skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsbreytinga Suðrhafnar í Hafnarfirði. Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð fyrir svæðið áður. Engar fornleifar fundust við vettvangsathugun í júní 2020 enda svæðið nánast allt á landuppfyllingu og það svæði sem er utan uppfyllingarinnar hefur verið raskað mikið síðustu áratugi. Á því svæði er töluverð saga og þarf að gæta sérstakrar varúðar ef framkvæmdir hefjast á því svæði.

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir á svæðinu ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsókna gjarnan eftir aldri fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Kort af deiliskipulagssvæðinu



Heimildaskrá

Ásgeir Guðmundsson: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983. Fyrsta bindi. Hafnarfjörður 1983.

Gísli Sigurðsson: Hús og bæir í Hafnarfirði. Líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14. öld.
Handrit Írisar Kristjánsdóttur. Bls. 110-118.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Þingskjal
1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).